

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 307

apríl 2018



We Serve



Apríl 2018. Blað nr. 307
THE LION IN ICELANDIC
THE LION IN ICELANDIC
Fjöllumdæmi 109

Multiple District 109 Iceland
Opinbert málgagn Lions Clubs
International, gefið út í umboði
alþjóðastjórnar Lions á tuttugu
tungumálum: Dönsku, ensku, farsí,
finnsku, flæmsku, frönsku, grísku,
hollensku, íslensku, ítölsku,
japönsku, kínversku, kóresku,
norsku, portúgölsku, spænsku,
sænsku, tælensku, tyrknesku og
þýsku.

Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í
heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:
FJÖLLUMDÆMI 109

Tímariðið Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201
Kópavogur er opin alla virka daga frá
kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122
e-mail / netfang: lions@lions.is
Heimasíða Lions: lions.is
Skrifstofustjóri: Kolfinna
Guðmundsdóttir



FJÖLLUMDÆMISRÁÐ
FJÖLLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2017 – 2018

Fjöllumdæmisstjóri: Jón Pálmason, Lkl.
Viðarr.

Umdæmisstjóri 109A: Ellert Eggertsson,
Lkl. Hafnarfjarðar.

Umdæmisstjóri 109B: Björn
Guðmundsson, Lkl. Hængur.

Fjöllumdæmisritari: Guðmundur Helgi
Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn.

Fjöllumdæmisgjaldkeri: Stefán Árnason,
Lkl. Vitaðsgjafi.

Fráfarandi fjöllumdæmisstjóri: Árni B.
Hjaltason, Lkl. Njarðvíkur.

Vara fjöllumdæmisstjóri: Björg Bára
Halldórsdóttir, Lkl. Rán.

Protokol- og þingstjóri: Kristinn
Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar.
Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar
Friðriksson, Lkl. Hængur.
Kynningarstjóri: Hörður Sigurjónsson,
Lkl. Njörður.

Umhverfisstjóri: Halldór Runólfsson,
Lkl. Fjörgyn.

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell
Cýrusson, Lkl. Búðardals.

Netstjóri: Skúli Guðmundur
Ingvarsson, Lkl. Borgarness.

GLT stjóri (menntun og leiðtoga-
þjálfun): Halldór Kristjánsson,
Lkl. Ásbirni.

GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun):
Jón Gröndal, Lkl. Njörður.

GMT/konur í Lions: Hrund
Hjaltadóttir, Lkl. Fold
GST stjóri: (verkefni) Pálmi
Hannesson, Lkl. Garði.

NSR-AU nefndarmaður: Hrund
Hjaltadóttir, Lkl. Fold.

Vara alþjóðaforsæti Lions: Guðrún Björt
Yngvadóttir, Lkl. Eik.

Lestrarátaksstjóri: Dagný S. Finnsdóttir,
Lkl. Úa.

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni
Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnar-
maður, Lkl. Mosfellsbæjar.

Hjálparstjóri: Kristinn G.
Kristjánsson, Lkl. Hveragerði.

Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vígdis
Þorsteinsdóttir, Lkl. Æsa.

LCIF stjóri, fyrrv. alþjóðastjórnar
maður: Jón Bjarni Þorsteinsson Lkl.
Mosfellsbæjar.

Afmælisnefnd Lions: Pálmi Hannesson,
Lkl. Garður

MedicAlert stjóri: Lúdvík Andreasson,
Lkl. Tý.

Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir,
Lkl. Ylfa.

Formaður Kjaransorðunefndar. Kristín
Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur
Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.


Skoðunarmaður (aðal): Benjamín
Jósefsson, Lkl. Akranesi.

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.
Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.

Skoðunarmaður (vara): Kristín
Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.

Varamdæmisstjóri 109A: Geirþrúður

Fjöllumdæmisráð:



Jón Pálmason,
fjöllumdæmisstjóri. Jón er
félagi í Lionsklúbnum
Viðarr. Ef þú þarft að hafa
samband við hann þá er
netfang hans: jp@verkis.is



Ellert Eggertsson,
umdæmisstjóri 109 A. Ellert
er félagi í Lionsklúbbi
Hafnarfjarðar. Ef þú þarft að
hafa samband við hann þá
er netfang hans: ellert.
eggertsson@airatlanta.com



Björn Guðmundsson,
umdæmisstjóri 109 B. Björn
er félagi í Lionsklúbnum
Hæng. Ef þú þarft að hafa
samband við hann þá er
netfang hans: bjorn2505@
gmail.com

F. Bogadóttir, Lkl.
Æsa.

Varamdæmisstjóri 109B: Sigfríð
Andradóttir, Lkl. Búðardals.

Varamdæmisstjóri (annar) 109A:
Jóhanna Thorsteinsson, Lkl. Engey.
Varamdæmisstjóri (annar) 109B: Bragi
Ragnarsson, Lkl. Mosfellsbæjar.

Frankvæmdastjórn
Lionshreyfingarinnar 2017 – 2018:

International President: Naresh
Aggarwal Indland
Immediate Past President: Robert
„Bob“ E. Corlew USA

First Vice President: Guðrún Björt
Yngvadóttir Ísland
Second Vice President: Jung-Yul Choi
Suður Kórea
Third Vice President: Haynes
Townsend, USA

First Year Directors

Doo-Hoon Ahn
Sandro Castellana
Hastings E. Chiti
William Galligani
Thomas Gordon
Nicolás Jara Orellana
Ardie Klemish
Alice Chitning Lau
Connie Leclair-Meyer
Virinder Kumar Luthra

Datuk K. Nagaratnam

Don Noland
Regina Risken
Yoshio Satoh
Patricia Vannett
Gwen White
Nicholas Xinopoulos

Second Year Directors:

Bruce Beck
Tony Benbow
K. Dhanabalan
Luiz Geraldo Matheus Figueira
Markus Flaaming
Elisabeth Haderer
Magnet Lin
Sam H. Lindsey, Jr.
N. Alan Lundgren
Joyce Middleton
Nicolin Carol Moore
Yasuhisa Nakamura
Aruna Abhey Oswal
Vijay Kumar Raju Vegesna
Elien Van Dille
Jennifer Ware
Jaepung Yoo

Upplag: 2400 eintök – Þökkun og
dreifing: Lionsklúbburinn Úa

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.
Forsíðumynd: MGM hótelið í Las Vegas



Ritstjórnargrein

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur þá er fimmta tölublað þessa starfsárs komið út sem verður bæði prentað blað og netblað. Hægt er að lesa þetta blað á heimasíðu Lions á Íslandi eins og öll önnur blöð okkar. Sérstakt smáforrit (app) er nú komið út fyrir blaðið okkar. Þetta smáforrit er bara komið út fyrir Android síma og tölvur. Smáforrit fyrir Iphone síma og tölvur er ekki tilbúið vegna krafna frá Apple um útgáfuna. Nú er unnið að því að að breyta smáforritinu svo það falli undir kröfur þeirra. Viðmót þess verður því aðeins öðruvísi en hjá Android en við því er ekkert að gera. Ég mun auglýsa á heimasíðu og/eða í næsta blaði þegar það er tilbúið. Til þess að nálgast smáforritið er farið inn á Play Store og

Google Play þar er skrifað í leitarglugga „lion iceland“ og þá á að birtast Lion Magazine Ísland sem hlaðið er niður og þá koma þau blöð sem komin eru út þar. Ef þið lendið í vandræðum með þetta þá má hafa samband við mig og ég reyni að leysa úr þeim eins og ég get.

Í blaðinu eru kynningar á þeim sem eru í framboði á þinginu okkar í Reykjanesbæ 20. og 21. apríl nk.

Ég vill hvetja alla lionsfélaga sem eru að taka við embættum í hreyfingunni næsta starfsárs að mæta í þá skóla sem eru í boði á þinginu í Reykjanesbæ. Það eru ýmsar breytingar sem hafa orðið á starfi hreyfingunnar þannig að setningin „ég þarf ekki að mæta í skólana því ég hef verið; formaður, ritari, gjaldkeri eða svæðisstjóri áður“ á alls ekki við. Það er mikilvægt að kynna sér þeir breytingar sem hafa orðið, eins að hitta aðra sem eru að taka við sömu embættum til spjalls og ráðagerða.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komið hafa að útgáfu þessa blaðs.

Netfang Lionsblaðins er: lbl@simmet.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Höldumst í hendur

Pistill Alþjóðaforseta



Namaste!
Hvert og eitt okkar nær aðeins svo langt sem handleggir okkar ná. En hvað gerist þegar ég tek í höndina á þér og þú tekur í hönd nágrannans?

Það birtist fréttaskýring á síðasta ári: Fjölskylda var að synda við Panama City strönd í Florida og þau lentu í straumhnút, níu manns þar af tvö börn og öldruð kona gátu enga björg sér veitt. Fólk heyrði óp þeirra eftir hjálp og byrjaði að búa til keðju. 70-80 manns héldust í hendur náðu til þeirra og gátu bjargað þeim öllum.

Hugsid um þetta. Ekkert af þessu fólki hefði getað þetta eitt og sér. Lögregluþjónn reyndi að synda til þeirra en varð snúa við vegna straumþungans. En sameiginlega. Sameiginlega! Einu eftir öðrum var allri fjölskyldunni bjargað.

Þetta er það sem við gerum í Lions. Við teygjum okkur eftir þeim sem eru að „drukkna“ í erfiðleikum. En sem einstaklingar getum við bara gert svo og svo mikið. Stundum er straumurinn of þungur og hjálpin berst ekki nema við höldumst í hendur og myndum keðju. Ég kalla þetta „Aflið okkar“.

Þetta er það sem LCIF gerir. Lcif hjálpar Lionsfélögum að búa til mannlega keðju til að hjálpa fólki. LCIF getur brugðist við á þann hátt sem einstakir Lionsfélagar eða klúbbar geta ekki. Síðan 1968 hefur LCIF deilt út yfir einni billjón dollara í styrki. Í kjölfar náttúruhamfara getur LCIF fljótt útvegað fjármagn til að geta veitt nauðsynlega hjálp innan fárra daga. Til dæmis úthlutaði LCIF 100.000 dollara styrk til hjálpar og uppbyggingar á Puerto Rico í kjölfar eyðileggjandi fellibyls á s.l. hausti. Þessir peningar gátu strax farið í hjálpargögn til handa fórnarlömbum.

LCIF gerir Lionsfélögum í Indónesíu fært að vinna með GAVI bólusetningarsamtökunum

í baráttunni við að útvega bólusetningu fyrir 95% barna í Indónesíu á aldrinum níu mánaða til 16 ára fyrir árslok 2018. Þetta er stórkostlegt markmið sem stefnt er á að ljúka fljótlega. LCIF hefur útrýmt árblindu í Columbíu og Ecuador sem er í fyrsta skipti sem nokkurt land hefur útrýmt sjúkdómnum. Þetta hafa þau afrekað og gerðu með því að haldast í hendur og vinna sameiginlega.

Lionshreyfingin eru fjölmennustu þjónustusamtök í heiminum, samt sem áður ættum við einnig að vera stærst í að afla fjár fyrir LCIF. Mér finnst ekki rétt að biðja svo mikils frá svo fáum, svo ég ætla að biðja um smávegis frá öllum. Jafnvel einn dollar á viku frá öllum félögum mundi tvöfalda innkomuna.

Í þessum mánuð skora ég á ykkur að líta til nágretta til hægri og vinstri og spá í hvernig þið getið tekið saman höndum. Og spáið í hvernig framlög til LCIF getur útvíkkað þjónustu okkar.

*Dr.Naresh Aggarwal alþjóðarforseti
Lionshreyfingarinnar
Þýðing: Geir Hauksson*



Viðurkenningar og orðuveitingar

Viðurkenningar frá Naresh forseta

Alþjóðaforseti Lions Naresh Aggarwal vildi heiðra nokkra félagi í heimsókn sinni til Íslands. Hann lagði áherslu á að heiðra bæði reyndan félagi sem hefur lagt mikið af mörkum í langan tíma, en væri alls ekki lagstur í helgan stein. Hann vildi líka heiðra ungan félagi sem hefði á stuttum tíma gefið mikið af sér og væri með orðunni hvattur til enn frekari dáða. Naresh kynntist af eigin raun verkefni sem hann féll algerlega fyrir "Umhverfisverkefni Lions á Íslandi", nánar til tekið Trjárækt og Forsetalundur Lionsklúbbsins Ásbjarnar, Hafnarfirði. Fannst honum rík áhersla til að viðurkenna frumkvöðul þess verkefnis.

Langreyndur leiðtogi - alltaf virkur

1) Guðmundur H Gunnarsson, Lionsklúbbum Fjörgyn Reykjavík.

Fjöllumdæmisritari, fyrrverandi umdæmisstjóri og fjöllumdæmisstjóri, umdæmisritari og gjaldkeri, fræðslustjóri og LCIF-stjóri og margt fleira.

Öflugur nýliði - mikið framlag

2) Edda Ruth Hlín Waage, Lionsklúbbum Seylu Álftanesi.

Stofnfélagi 2012, fyrrv. formaður og svæðisstjóri, verkefnastjóri umdæmis (GST). Skrifaði kynningarefni og hannað bæklinga og veggspjöld fyrir Lions. Undirbúningsnefnd fyrir Alþjóðlega sjónverndardag Lions 2014.

Mikilvægt verkefni - skapandi hugsun

3) Halldór Kristjánsson, Lionsklúbbum Ásbirni Hafnarfirði.

Frumkvöðull og hugmyndasmiður að forsetalundi Lkl. Ásbjarnar, sem hefur vakið athygli langt út fyrir landssteinana. Halldór hefur einnig gegnt embætti umdæmisstjóra og fjöllumdæmisstjóra, fræðslustjóra, alþjóðasamskiptastjóra, fjöllumdæmisgjaldkera og fleira.

Alþjóðlegt starf

Jón Bjarni Þorsteinsson, Lionsklúbbi Mosfellsbæjar.

Sem fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður, með þeim skyldum og verkefnum sem því fylgir, fá þessir embættismenn árlega viðurkenningu forsetans.

Með kveðju, Guðrún Björt

Skilafrestur á efni í næsta blað er 17. maí

Fjölumdæmisstjóri

Jón Pálmason

Fjölumdæmisstjóri



Góðir félagar, nú fer sól að hækka á lofti og ýmis vorverk framundan. Það helsta hjá Lions er umdæmis- og fjölumdæmisþing okkar.

Lionsþing

Þingið verður að þessu sinni haldið í Reykjanesbæ og standa klúbbarnir á svæði 5 að því. Því tengdu er ýmis undirbúningur í gangi. Komin eru framboð í flest embætti sem kjósa á um á þinginu. Lýsingar á framboðum má sjá hér annarsstaðar í blaðinu.

Við hvetjum alla til að mæta á þingið. Mjög mikilvægt er að stjórnir klúbba, sérstaklega formenn, gjalkerar og ritarar mæti á þingið. Þar læra þeir allt það nýjasta sem er verið að gera.

Eitt að því sem ég sem fjölumdæmisstjóri verð var við er að óskýrt er í reglum hver greiðsluþátttaka sameiginlegra sjóða fjölumdæmis er í ýmsum kostnaði. Þetta á til dæmis við um greiðslu á kostnað við embættismenn fjölumdæmis á þingum. Það hefur verið geðþóttaákvörðun viðkomandi stjórna í mörg ár hverjum er boðið að vera með á þingum og hverjum ekki. Við þurfum að gera gangskör að því að koma þessum leikreglum á blað, svo hratt og örugglega sé hægt að vísa í þær.

Góugleði

Í þriðja sinn var Góugleði Lionskvenna haldin í Haukahúsinu í Hafnarfirði 8. mars á alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Það mættu yfir 100 glaðbeittar konur bæði Lionskonur og gestir þeirra. Björgúlfur Þorsteinsson og félagi hans sáu um tónlist, Espirit í Smáralind var með tiskusýningu. Veislustjóri var Sigga Kling. Sjá meira á öðrum stað í blaðinu

Ég vil fyrir hönd Lions þakka fyrir þetta frábæra framtak. Lionskonurnar Hrund Hjaltadóttir úr Fold, Sesselja Sigurðardóttir Kaldá, Kristín Davíðsdóttir Úu, Kristín Þorfinnsdóttir Emblu, Krístrún Þ. Gunnlaugsdóttir Fold stóðu fyrir undirbúningnum og var

hann allur á besta veg. Þær virkjuðu eiginmenn sína þá Guðmund Helga Gunnarsson, Kristinn Pálsson og Guðjón Þorkelsson til góðra verka.

Félagamál


Ég vil einnig þakka umdæmisstjórum okkar og starfsfólki þeirra fyrir frábæran árangur í félagamálum. Það er frábært að sjá A umdæmið vera komið í löglega tölu. Mér heyrst að nú stefnum við bara enn hærra. Þeir félagar telja að ekkert mál verði að fjölga ennþá meira. Við vitum að talsverður vandi er í félagmálum á ákveðnum svæðum. Við þurfum að leita leiða til að finna lausn á því. Það á sérstaklega við um höfðaborgarsvæðið, þar sem margir klúbbanna eru hálf lamaðir.

Leiðtogaskólinn

Laugardaginn 17. lauk seinni helgi Leiðtogaskóla Lions. Það útskrifuðust næri 40 manns bæði á skólanum á Akureyri og í Reykjavík. Vil ég fyrir hönd Lions þakka öllum þeim sem gerðu þetta kleyft. Það er þeim Halldóri Kristjánssyni GLT í fjölumdæmi, Eggert J. Levy GLT umdæmi A, Guðjóni Andra Gylfasyni GLT umdæmi B, Hrund Hjaltadóttur AU/konur í Lions/lestrarverkefnisfulltrúi. Öllum nemendum fyrir að gera þetta starf mögulegt.

Þrátt fyrir að það sé farið að vora er langt í land og mikið hægt að gera í góðum verkum.

Herrakvöld Lionsklúbbs Kópavogs 2018



Húsfullir var á árlegu Herrakvöldi Lionsklúbbs Kópavogs föstudaginn 9. mars síðastliðinn. Herrakvöldið er helsta tekjuleið klúbbsins og hefur ásókn í það aukist frá ári til árs. Í ár var Ari Eldjárn aðalnumer kvöldsins, Ari Eldjárn og Lionsklúbbur Kópavogs er snilldar blanda og skemmtu gestir sé konunglega, nutu góðs Herrakvölds og neyttu herramannsmatar. Happadrættið og bögglauppboðið slógu í gegn því allir miðar seldust upp og fengu færri en vildu.

Einar Bollason var veislustjóri, Ari Eldjárn var með uppistand og einnig voru þrír leynigestir sem voru með ótrúlega gott atriði. Það verður ekki gefið upp hér hvað það var því menn þurfa að mæta á Herrakvöldið til að komast því. Matthías Ægisson og Svavar Sölvason sáu um tónlist og gerðu það listavel.

Ómar Þorsteinsson ritari

Umdæmisstjóri 109B – Fjölguum í Lions

Björn Guðmundsson

Umdæmisstjóri 109B



Eitt af því sem skiptir okkur miklu máli er fjöldi félaga það er ekki eingöngu vegna þess að okkur umdæmisstjórnara langi til þess að skila góðu búi til viðtakandi umdæmisstjóra heldur er einnig um að ræða verulegt fjárhagslegt hagsmunamál fyrir hreyfinguna. Við erum nú þegar með ákveðinn fastan kostnað í rekstrinum, við eigum félagsheimili, við erum með starfsmenn, þingkostnað og fleira. Ef við náum að fjölga þá dreifist þessi fasti kostnaður víðar og félagsgjöldin munu þá taka mið af því. Auk þess erum við frekar í stakk búin til þess að takast á við auknar áskoranir bæði í

þjónustuverkefnum og fjáröflunarverkefnum.

Við umdæmisstjórnarnir settum okkur þau markmið að í hvoru umdæmi myndi fjölga um 10 félaga, alls 20 Lionsfélaga í landinu. Sem sagt markmiðin voru að okkur myndi fjölga um 0,9% í heildina. Fjölgun landsmanna er mun meiri þannig að Lionsfélögum fækkar því sem hlutfalli af heildarfjölda landsmanna. Það er nú þannig að þessi markmið okkar voru sett fram af metnaði og með hliðsjón af því sem gert hefur verið árin á undan. Þegar ég horfi til baka þá finnst mér líklegra til árangurs að við setjum okkur markmið til nokkurra ára. Væri t.d. ekki

skemmtilegra ef að A-umdæmið hefði um 1.500 félaga þá værum við ekki endalaust í baráttu um að gera það löglegt á hverju einasta ári. Er ekki að sama skapi skemmtilegri tilhugsun að gera B-umdæmið löglegt á nokkrum árum? Þá þyrfti að fjölga þar um 330 félaga frá núverandi stöðu. Það er hægt en til þess þarf það að vera aðalmarkmið næstu ára. Við þurfum að stofna klúbba í báðum umdæmum á næstu árum.

Ef ég tala út frá B umdæminu þá finnst mér spennandi að byrja á að rjúfa 1000 félaga múrinn, í umdæminu eru 35 klúbbar, ég trúi að í lok starfsársins verðum við ekki færri en 930. Við þurfum því að fjölga um tvo í hverjum klúbba að meðaltali-það er hægt. Ef við náum að stofna einn klúbb á ári og halda fjölguninni í þrjú ár, þannig að netto fjölgun í hverjum klúbba verði 6 félagar á þremur árum, í hverjum nýjum klúbba verði 25 félagar þá verðum við eftir þrjú ár búin að fjölga um 285 félaga. Þetta er hægt við þurfum einfaldlega að ákveða að við ætlum að gera þetta og fara í að vinna í málunum.

Það er hins vegar ekki nægjanlegt að ætla að fjölga við þurfum að horfa gagnrýnum augum á verkefni klúbbanna, við þurfum að finna málefni sem að henta fyrir hvern klúbb og því samfélagi sem að hann starfar í. Við þurfum að halda utan um félagana sem eru nú þegar í klúbbunum við verðum að stöðva brottfallið og halda vel utan um þá féлага sem koma nýir inn.

Það er samt þannig að það er alveg sama hvaða markmið umdæmisstjórnarnir setja sér ef að klúbbstjórnirnar fylgja ekki með, ef að það er ekki áhugi á því að fjölga í klúbbunum þá náum við ekki árangri. Því þarf það að vera markmið klúbbanna að ætla að fjölga umdæmisstjórnarnir geta eingöngu stutt við og hvatt klúbbana til dáða.

Góðir Lionsfélagar leggjumst nú öll á áramnar og tókum höndum saman um að gera veg hreyfingarinnar sem mestan.

Umdæmisstjóri 109A

Ellert Eggertsson

Umdæmisstjóri 109A



Góðir Lionsfélagar Nú er tekið að stytast í annan endann á starfsárinu hjá okkur, en samt mikið starf framundan. Við eigum eftir að halda 1 umdæmisstjórnarfund 7. apríl og síðan er þingið í Reykjanesbæ 20.-21. apríl n.k. og vil ég nota þetta tækifæri til að hvetja stjórnir klúbba til að senda verðandi stjórn á þingið og í skólanna. Síðan kemur að stóru stundinni, þegar við höldum til Las Vegas og kjósum nýjan alþjóðaforseta, fyrstu konuna til að gegna embættinu og íslensk þar að auki. Vonandi gefur þessi heimsviðburður

okkur lionsmönnnum mikinn meðbyr sem vonandi varir í langan tíma.

Ég hef lokið við heimsóknir mínar í klúbbana og verða að segja, að flestir klúbbarnir eru í góðum grí og sinna sinni heimabyggð af mikilli alúð. Eitt eiga þó margir klúbbar það sameiginlegt að meðalaldurinn er að hækka mikið og of margir hafa ekki náð að fá yngri félaga til liðs

við sig. Ég hef bent þessum klúbbum á að reyna að ná inn 2-3 félögum sem þekkjast fyrir inngönguna og þá er meiri möguleiki að þeir nái meiri fóttfestu í klúbbnum og þeir síðan ná öðrum félögum inn sem eru á sama reki og að lokum þá taki þeir yfir starfið í klúbbnum. Þetta hefur tekist mjög vel í nokkrum klúbbum og um leið eru þeir að tryggja framtíð klúbbsins.

Um áramótin sendi ég hvatningar bréf til allra klúbbstjórna í 109A, þar sem ég hvatti þá til að ná í nýja félaga til að tryggja að umdæmið væri löglegt þegar Guðrún Björt legði inn framboð sitt til alþjóðaforseta þann 1. mars s.l. Og árangur hefur ekki látið á sér standa og farið fram úr mínum björtustu vonum. Þegar þetta er skrifað höfum við tekið inn 85 nýja félaga og fjöldinn í umdæminu orðinn 1264 félagar. Ég færi öllum lionsfélögum mínar bestu þakkir og sérstaklega færi ég meðmælendum nýrra félaga kærar þakkir og bið þá að hlúa vel að nýju félögum og koma þeim sem fyrst inn í starfið.

Ég hef oft sagt að þegar menn fara á veitingarstað og líkar ekki maturinn, þá koma þeir ekki aftur. Það sama á við lionsfundina. Við verðum að hafa skemmtilega og fræðandi fundi þannig að okkur hlakki til að mæta á næsta fundi. Verið duglegir í að fá fyrirlesara og gesti til að lífga upp á fundina. Heimsækið aðra klúbba og kynnist öðrum lionsfélögum. Ég er búinn að vera 35 ár í Lions og það er alltaf góður matur í mínum klúbb og ég hlakka alltaf til næsta fundar.

LCIF

Stuðningur Lionsfélaga þjónar mannkyninu og veitir von

Alþjóðahjálparsjóður Lions (Lions Clubs International Foundation) er 50 ára á þessu ári.

Í undirbúningi er ný fjáröflunarherferð og endurskipulagning styrkja kerfisins til þess að betur megi þjóna þeim sem mest þurfa á að halda.

LCIF hefur í 50 ár verið bakhjarl margra af stærstu verkefnum heimsins á sviði heilbrigðismála og býr því að reynslu og þekkingu sem mun áfram nýtast til góðra verka.

Markmiðið með stofnun LCIF 1968 var að styðja við verkefni Lionsklúbba um allan heim og gefa klúbbum þannig tækifæri til að sinna stærri verkefnum. Fyrsti styrkurinn var veittur fjórum árum síðar og síðan hefur ekkert verið slegið af.

Á þessum árum hefur LCIF veitt meira en 1 milljarð dollar (eitthundrað þúsund milljarða króna) til þeirra sem um bággt eiga að binda.

Blindir foreldrar hafa fengið sjón og getað séð börnin sín í fyrsta sinn, rísa verkefni við neyðarhjálp og uppbyggingu eftir náttúruhamfarir, fætt hungraða, byggt óteljandi marga vatnsbrunna sem hafa komið í veg fyrir árblindu milljóna manna og náð árangri í fjölmörgum verkefnum sem alþjóðaheilbrigðisstofnunin fullyrðir að ekki hefði náðst án aðstoðar LCIF.

Fyrsti styrkur LCIF

9. júní 1972 urðu mikla hamfarir í Rapid City í Norður Dakóta. Prumuveður sem ekki hafði áður sést með tilheyrandi úrkomu. Klukkan 18:00 þann dag hafði vatnsborð yfirborð árinna Rapid Greek hækkaði um 3,6 metra. Kl. 05:00 daginn eftir, aðeins 11 klukkustundum

síðar var áin aftur komin í eðlilegt horf. Afleiðingarnar voru skelfilegar. 238 voru látnir, meira en 3.000 slasaðir og 1.335 heimili horfin.

Umdæmi 5SW fékk umsvifalaust 5.000 dollara neyðarstyrk sem reynist einn af fyrstu neyðarstyrkjunum sem bárust.

Jafnhár styrkur kom nokkrum mánuðum seinna til Íslands vegna eldgossins í Vestmannaeyjum.

Í dag

Síðan fyrsti styrkurinn var veittur hefur LCIF veitt styrki til verkefna um allan heim með áherslu á fjóra megin „flokka“, sjónvernd, ungmenni, hamfarir og mannúðarmálefni og í öllum þessum flokkum hefur framlag sjóðsins skipt verulega miklu máli.

Sjónvernd

Við þekkjum öll söguna af því Þegar Helen Keller skoraði á Lionsfélaga að gerast riddarar hinna blindu í krossför gegn myrkri. Það var árið 1925 og síðan þá hefur baráttan gegn blindu ávallt verið efst á blaði hjá Lionshreyfingunni.

Hver þekkir ekki söguna af pabbanum sem aldrei hafði séð börnin sín. Fyrir tilstilli styrkjar frá LCIF f-gekkst hann undir augnaðgerð sem veitti honum sjón á ný. Svipaðar sögur þessari eru fjölmargar og ekki síst af börnum sem ýmist hafa fengið sjónina aftur eða bættu sjón með geraugum. Endurnýttum gleraugum sem Lionsfélagar um allan heim hafa safnað.

Milljónir og aftur milljónir hafa fengið bættu sjón. Milljónir og aftur milljónir blindra hafa fengið sjónina aftur. Milljónum og aftur milljónum hefur verði bjargað frá blindu.



Ungmenni

Eitt stærsta verkefnið varðandi ungmenna-verkefni er sjálfsstyrkingarverkefnið Lions Quest. Kennsluefni sem notað hefur verið um allan heim til að efla sjálfstraust ungmenna, kenna þeim að segja nei og takast á við freistingarnar með jákvæðum hætti.

Hérlandis var námsefnið kennt í mörg ár og nú er í undirbúningi að endurvekja það með áherslu á íþróttafélögin.

Annað stórt verkefni eru alþjóðlegar ungmennabúðir. Þúsundir ungmenna á hverju ári fá tækifæri til að fara til framandi land til að kynna þar og læra að bera virðingu fyrir ólíkum menningarheimum og lífnaðarháttum. Hvað er betur fallið til að stuðla að 3 markmiði Lionshreyfingarinnar sem er „Að vekja og efla anda skilnings meðal þjóða heims“.

Náttúruhamfarir

Þegar fellibylurinn Matthew skall á eyju í Karabíska hafinu eyjunum í október 2016 var ljóst að þetta var verstí fellibylur sem geisað hafði á Haítí síðan 1964. Brýr fuku í burtu, vegir urðu ófærir svo erfitt reyndist að koma hjálpargögnum til þeirra sem á þurftu að halda.



Björgum börnum frá mislingum

Drykkjarvatn og matur var af skornum skammti. 546 staðfest dauðsföll (1.600 sögðu sumir), 200.000 heimili eyðilögð og 1.4 milljónir manna í sárri þörf fyrir hjálp.

Lionsfélagar á Haítí, sem flestir áttu sjálfir um sárt að binda, voru fljótir að koma sér í hjálpargírinn. LCIF sendi þeim strax 10.000 dollara neyðarstyrk. Yfir 2.000 þökkum með neyðarbúnaði með mat, drykkjarvatni og lyfjum var dreift.

Hafa verður í huga að Haítí var enn í sárum eftir risa jarðskjálfta sem varð þar 2010. Þar koma líka mikil hjálp frá LCIF.

Við hér á Íslandi munum eftir því að þá var rústabjörgunarsveit Landsbjargar með fyrstu björgunarsveitum á staðinn.

Eftir þessa fyrstu neyðarstyrki sem skipta gríðarlega miklu máli til að bjarga mannlífum eru hamfarasvæðin ekki gleymd. LCIF heldur áfram að veita styrki til afmarkaðra uppbyggingarverkefna.

Hamfarastyrkir LCIF eru mikið fleiri og raunverulega svo margir að þá er ekki hægt að telja upp hér. Fellibyljir, flóð og jarðskjálftar ógna lífi og heilsu um allan heim og þar skiptir framlag LCIF og vinna Lionsfélaga á svæðinu miklu máli.

Mannúðarverkefni

Fjölmargir skólar hafa verið byggðir í Afríku og Asíu. Kennarar menntaðir og kennslu efni útvegað.

Áveitu kerfi þar sem lítið er um vatn hafa vakið upp vonir hjá fólki sem vill reyna að bjarga sér um fæðu.

Heilsugæslustöðvar, menntun heilbrigðis-

starfsfólks og tækjakaup þar sem þörfin er mest.

Baráttan gegn hungri í heiminum með stofnun „matarbanka“ og dreifingu matarpakka víða í heiminum.

Verkefni eru ærin og allstaðar þarf sem þörfin er fyrir hendi, þar lætur Lions til sín taka.

Framtíðin

Lionsfélagar ættu að vera stoltir af þeim verkefnum sem þeir hafa sinnt fyrir tilstilli LCIF síðustu 50 árin. Þeir hafa lagt mikið á sig fyrir sjóðinn og ekki síst í tveim risa fjáröflunarverkefnum, Campaign SightFirst og Campaign SightFirst II. 1991 – 1994 söfnuðust 143 milljón dollarar og 2005 – 2008 söfnuðust 205 milljón dollarar. Fyrir þessar safnanir var hægt að lyfta grettistaki í baráttunni gegn blindu.

Nú stendur fyrir dyrum að hefja nýtt alþjóðlegt söfnunaráttak og enn er markmiðið sett hátt. 300 milljón dollarar á þrem árum sem munu hafa áhrif til hins betra á líf að minnsta kosti 200 milljón einstaklinga. Upphæðin er kannski ekki svo há ef því er skipt jafnt á miðað við félagafjölda eða „aðeins“ 215 dollarar. Klúbbar ættu að geta séð af 22.000 kr. fyrir hvern féлага á næstu þrem árum til þeirra góðu verkefna sem LCIF sinnir.

Áherslan verður lögð á fimm meginflokk:

- Sykursýki
- Blindu
- Hungur
- Krabbamein barna
- Umhverfisvernd

Þessir málaflokkar voru ákveðnir eftir viðamikla könnun sem gerð var meðal Lionsfélaga um allan heim og fjölmargir íslenskir Lionsfélagar tóka þátt í að svara.

Pó að þetta séu þeir málaflokkar sem mest áhersla verður lögð á í framtíðinni þá gleymast hinir fyrri verkefni ekki. LCIF mun að sjálfsögðu áfram sinna mislingaátakinu sem fjölmargir klúbbar á Íslandi hafa stutt svo dyggilega við. LCIF mun að sjálfsögðu áfram sinna ýmsum mannúðarverkefnum og neyðaraðstoð í náttúruhamförum. Ekkert af þessu mun gleymast.

LCIF fulltrúar klúbba

Það eru eindregin tilmæli frá alþjóða-hreyfingunni að allir klúbbar tilnefni sérstaka LCIF fulltrúa og að þeir sinni verkefnum næstu 3 árin. Hans hlutverk verður að sinna upp-lysingaflæði til félaganna og hvetja til þátttöku í þessu risa fjáröflunarverfni.

Við þurfum öll að taka höndum saman til að bæta líf þeirra sem mest þurfa á að halda. Það er meginmarkmið okkar sem Lionsfélaga.

Þýðing: Kristinn Hannesson

Minning † Einar Friðrik Kristinsson



Einar var fæddur 21. ágúst 1941 og andaðist 26. september 2017. Hann gerðist félagi í Lionsklúbbi Garðabæjar á fyrstu starfsárum klúbbsins. Alla tíð tók hann virkan þátt í starfsemi klúbbsins. Hann var formaður og gegndi mörgum öðrum trúnaðarstörfum á vegum klúbbsins. Hann var sæmdur ædstu viðurkenningu Lionshreyfingarinnar. Þegar haldin voru skemmtikvöld fyrir eldri borgara og leitað var eftir vinningum var það auðsótt mál. Einar lagði til það sem falast var eftir og stóð síðan í stafni við alla framkvæmd skemmtikvöldsins.

Fyrir utan hefðbundin störf hefur klúbburinn staðið fyrir skemmtunum fyrir félagana af ýmsu tagi. Góð þátttaka ásamt

eiginkonum hefur sett sterkan svip á allt starf. Farið er í ferðalög innanlands og utan og oft voru það Ólöf og Einar sem sáu um alla skipulagningu og höfðu með höndum fararstjórn þegar mikið stóð til. Margar þessar ferðir verða okkur ætíð minnisstæðar. Það er ekki síst að þakka góðum undirbúningi og skipulagningu sem aldrei var kastað höndum til.

En það sem fyrst og síðast verður okkur félögunum minnisstætt eru þeir miklu mannkostir sem Einar hafði til að bera. Kynni okkar af þeim hjónum Ólöfu og Einari var á einn veg. Frábærir félagar sem þrátt fyrir mikið annríki í daglegum störfum höfðu alltaf tíma til að taka þátt í starfi klúbbsins okkar. Það er óneitanlega fengur að hafa kynnst slíkum hjónum. Við félagarnir stöndum í mikilli þakkarskuld við þau hjón.

Dórður H. Jónsson



Lions Clubs International

Fjölumdæmi 109



Dagskrá 63. þings Lionsumdæmis 109
haldið í Reykjanesbæ, 20. og 21. apríl 2018

Fimmtudagur, 19. apríl.	
18:00 – 22:00	Skráning og afhending þinggagna – Bed & Breakfast Hotel, Keilisbraut 762
Föstudagur, 21. apríl.	
08:00 –	Skráning og afhending þinggagna – Bed & Breakfast Hotel
09:00 – 15:20	Skólar embættismanna: <ul style="list-style-type: none"> ➤ Skóli formanna – Officera klúbburinn Leiðbeinandi: PCC Halldór Kristjánsson GLT stjóri ➤ Skóli ritara – Keilir B1 (ritarar muni eftir fartölvum) Leiðbeinendur: Eggert J. Levy GLT fulltrúi 109 A Guðjón Andri Gylfason GLT fulltrúi 109 B Skóli gjaldkera – Keilir B2 Leiðbeinendur: PDG Stefán Árnason fjölumdæmisgjaldkeri PDG Kristín Þorfinnsdóttir LCF fulltrúi 109A ➤ Skóli svæðisstjóra – Keilir B3 Leiðbeinendur: PCC Hrund Hjaltadóttir NSR AU fulltrúi PDG Þorkell Cýrusson ritstjóri Lionsblaðsins
10:15 – 10:30	Kaffihlé – Við skóla
12:00 – 13:00	Hádegisverður – Officera klúbburinn
13:00 – 15:20	Skólum framhaldið – Sömu staðir
15:20 – 15:45	Kaffihlé – Keilir
16:00	Mæting í skrudgöngu – Keilir
16:15	Skrudganga leggur af stað (munið eftir stóra klúbbfánanum)
16:45 – 17:45	Þingsetning – Háaleitisskóla
20:00 – 23:00	Kynningarkvöld – Grindavík, rútur frá hóteli kl. 19:30
Laugardagur, 21. apríl.	
08:45 – 09:45	Sameiginleg fræðsla – „Verkfærakista GAT teymisins“ Háaleitisskóli
08:30 –	Skráning og afhending þinggagna – Bed & Breakfast Hotel
10:00 – 12:15	Þingi umdæmis 109 – A framhaldið – Háaleitisskóli, matsalur Þingi umdæmis 109 – B framhaldið – Officera klúbburinn
11:00 – 11:15	Kaffihlé – Fyrir framan fundarsali
12:15 – 13:15	Hádegisverður – Officera klúbburinn
13:15 – 17:30	Þingi fjölumdæmis 109 framhaldið – Háaleitisskóli, matsalur
13:45 – 17:00	Makadagskrá – Farið frá Officera klúbbnum
15:00 – 15:15	Kaffihlé – Við fundarsal
19:00 – 02:00	Lokahóf – Officera klúbburinn (Húsið opnar 19:00. Dagskrá hefst 20:00)

Mislingar – hvað er að óttast?



Við sem tilheyrum Lions hreyfingunni á Íslandi eigum bágð með að skilja það að í dag á 21. öldinni sé fólk, bæði fullorðnir og börn að deyja úr mislingum. Við bólusetjum nær börn fyrir helstu barnasjúkdómum strax á unga aldri í hefðbundnum heilbrigðisskoðunum og ungbarnaeftirliti sem varð mjög öflugt hérlendis á 20. öldinni. Mislingabólusetning var fyrst tekin upp á Íslandi árið 1976, en síðasti stóri mislingafaraldurinn á Íslandi gekk hér á árunum 1976-1978. Í dag er um 95% allra barna á Íslandi bólusett fyrir þessum skæðu barnasjúkdómum og mislingunum líka. Hins vegar eru ekki allar þjóðir svo ríkar að eiga þá góðu heilbrigðisþjónustu sem við búum við hér heima. Sjálfsagt þekkjast flestir lionsfélagar mislingana því flest okkar sem erum fædd fyrir 1970 fengu mislinga í bernsku. Alla jafna er þetta frekar mildur barnasjúkdómur. Engin lækning er til við honum. Meðferðarúræði er helst að gæta vel að líðan sjúklingsins, að hann fái góða næringu og hvíld og nægilega vökvainntöku. Oftast ganga mislingarnir yfir á vikutíma. Stundum

eru gefin hitalækkandi lyf sem bæta þá líðan sjúklingsins en önnur meðferðarúræði eru ekki talin nauðsynleg.

Tilgangur bólusetningar

Talið er að mislingasprautu veiti 95% vörn gegn mislingum. Um 10% þeirra sem veikjast fá alvarlega fylgikvilla eins og eyrnabólgu í miðeyra, lungnabólgu eða heilabólgu. Við bólusetjum gegn mislingum vegna þeirra alvarlegu fylgikvilla og jafnvel dauðsfalla sem þeir geta haft með í för. Frá því í janúar 2016 til nóvember 2017 hafa 19 þúsund tilfelli mislinga verið skráð í Evrópu. Af þessum fjölda urðu 48 dauðsföll. Langflest mislingatilfelli voru í Rúmeníu, eða tæplega 8 þús. og á Ítalíu tæplega 5 þús. tilfelli. Á tólf mánaða tímabili frá 1. október 2016 – 30. september 2017 sýna heilbrigðisskráningar að 86% þeirra sem veiktust höfðu ekki verið bólusett. Talið er að um 47% skráðra tilfella væru hjá eldri en 15 ára. Mislingar herja á alla aldurshópa í Evrópu en þeir eru skæðastir mjög ungum börnum og gamalmönnum. Þess ber að geta aðeins tvö lönd í Evrópu skráðu engin tilfelli mislinga á þessu 12 mánaða tímabili, en það voru Malta og Lettland. Hér á Íslandi voru tvö tilfelli skráð á þessu tímabili.

Mislingar eru einn hættulegasti barnasjúkdómurinn sem hefur útbrot í för með sér. Mislingafaraldrar hafa gengið hérlendis um langt skeið. Upplýsingar eru til um skæða faraldrar á 19. og 20. öldinni þar sem til eru skráðar fremur nákvæmar upplýsingar. Mislingar eru sjúkdómur sem Lionshreyfingin vill útrýma. Með jafn lítilfjörlegri aðgerð eins



og að bólusetja gegn þeim veitum við einstaklingnum allt að 95% vernd gegn sýkingu. Alþjóðahjálparsjóðurinn (LCIF) hefur sett sér það markmið að útrýma mislingum. Þeir benda á að bólusetningin kosti aðeins sem nemur einum bandaríkjadal. Fyrir hvern dal sem sjóðurinn aflar, kemur GAVI sjóður Bill Gates og jafnar framlagið. Þannig verða öll framlög okkar Lionsmanna í heiminum tvöfölduð. Fyrir nokkrum árum var talað um að daglega létust 420 börn úr mislingum í heiminum. Í dag tölum við um 380 börn sem deyja úr sjúkdómnum. Okkur hefur miðað nokkuð á leið.

Við hvetjum alla Lionsklúbba landins til að leggja þessu máli lið og merkja framlag sitt “One shot – one life”.

Jóhanna Thorsteinson

Minning + Skúli Alexandersson



Skúli fæddist á bænum Reykjafirði í Árneshreppi á Ströndum 9. september 1926. Hann flutti til Hellissands árið 1952 og kvæntist Hrefnu Magnúsdóttur en hún lifir mann sinn. Skúli lést 23. maí árið 2015.

Skúli var stofnfélagi í Lionsklúbbi Nesþinga við stofnun hans 29. nóvember 1970. Á þessum langa starfsferli eða 45 ár starfaði hann í mörgum nefndum og verkefnum fyrir klúbbinn. Hann var formaður starfsárið 1976 til 1977 og aftur árið 2004 til 2005. Hann var ritari

starfsárið 1993 til 1994. Hann var í tónlistarnefnd sem vann að stofnum Tónlistarfélags og Tónlistarskóla Hellissands fyrir hönd

klúbbsins. Hann sat í stjórn sjóminjasafnsins á Hellissandi og um tíma var hann formaður þar. Eins var hann formaður landgræðslunefndar um langt árabíll. Skógrækt og landgræðsla voru hans hjartans mál. Hann var í mörgum öðrum hlutverkum hjá klúbbnum m.a. í líknarnefnd, ljósmyndari, blaðafulltrúi og endurskoðandi. Öllum þessum störfum fyrir klúbbinn gegndi Skúli af dugnaði og trúmennsku. Hann var meðmælandi fjölmargra sem gengu í klúbbinn. Skúli mætti vel á alla fundi í klúbbnum nánast 100% mætingu nema þau ár sem hann sat á Alþingi Íslendinga en þá var hann löglega afsakaður.

Skúli var gerður að Melvin Jones félagi árið 2007 sem er ein ædsta viðurkenning Lionshreyfingarinnar.

Fallinn er frá góður Lionsfélagi. Ég vil fyrir hönd félagi í Lionsklúbbi Nesþinga þakka Skúla fyrir trausta og góða samfylgd.

Smári J. Lúdvíksson

Góugleði Lionskvemma 2018

Góugleði lionskvemma var haldin í Hauka-
húsinu í Hafnarfirði 8. mars s.l. og var það
í þriðja sinn sem hún er haldin á alþjóðlegum
baráttudegi kvenna. Það mættu rúmlega 100
konur bæði lionskonur og gestir þeirra. Þetta
var ánægjuleg samvera, gaman að hittast allar
og eiga saman ljúfa stund. Björgúlfur
Porsteinsson og félagi hans sáu um tónlist,
Espirit í Smáralind var með tískusýningu.
Sýningardömurarnar voru lionskonur á öllum
aldri og stóðu þær sig vel. Veislustjórn sá Sigga
Kling um og við fengum ómælda aðstoð frá
eiginmönnum til að afgreiða á barnum.

Við fögnum góðu gengi Guðrúnar Bjartar
í öllum hennar störfum, en eins og kunnugt
er tekur Guðrún við starfi alþjóðaforseta
Lionshreyfingarinnar á miðju þessu ári.

Við fögnuðum líka þeim árangri sem við
konur höfum náð í lionsstarfi okkar hér heima
á Íslandi því á sama tíma og Guðrún tekur við
alþjóðaforsetaembættinu taka þrjár konur við
stýrinu hér heima, þær Björg Bára sem verður
fjölmæmisstjóri, Geirþrúður Bogadóttir sem
verður umdæmisstjóri í 109A og Sigfríð
Andradóttir umdæmisstjóri í 109B.

Þetta verður í fyrsta skiptið sem 3 stýrur
verða við stjórnvölin hér heima.

Áfram konur, við getum þetta.

*Kristín Þorfinnsdóttir fyrrverandi
umdæmisstjóri.*



Munum alþjóðarhjálparsjóðinn LCIF

Lionsklúbburinn Björk



Lionsklúbburinn Björk var stofnaður 1994, áður Lionessklúbburinn Björk stofnaður 1986. Hér koma nokkrar myndir frá vetrarstarfinu. Þrjár konur fengu Melvin Jones viðurkenningu á desemberfundi. Það voru þær: Kristín Sveinsdóttir, Anna Pála Þorsteinsdóttir og Brynja Ingimundardóttir. Fyrrverandi formaður, Ellen Haraldsdóttir, er með þeim á mynd. Á þeim fundi var tekinn inn nýr félagi, Fríða Eyjólfssdóttir. Við Bjarkarkonur erum þá 31. Björn Guðmundsson umdæmisstjóri

heimsótti okkur í nóvember, á þeim fundi voru líka gestir frá karlklúbbunum í Skagafirði. Við höldum jólaball 28. desember í samvinnu við Lkl. Sauðárkróks. Í nóvember tókum við þátt í blóðsykursmælingu með Lkl. Sauðárkróks og fórum í heimsókn á Dvalarheimili aldraðra á Sauðárkróki. Það er árlegt verkefni og heiðursfélagi okkar Bjarkakvænna, Geirmundur Valtýsson mætir með okkur og heldur upp stuðinu.

Lionsklúbbur Ólafsvíkur

Lionsklúbbur Ólafsvíkur afhenti Foreldrafélagi leikskólans Krílakots Lpeningagjöf á dögnum. Upphæð gjafarinnar er 312.600, það var Tinna Ýr Gunnarsdóttir úr stjórn foreldrafélagsins sem veitti gjöfinni viðtöku. Foreldrafélagið sér um jólaföndur á leikskólanum, útskrift elstu leikskólabarnanna og vorferð á hverju vori ásamt fleiru. Ekki er búið að taka ákvörðun um í hvað peningarnir verða notaðir en þeir verða líklega nýttir í einhverja gjöf til leikskólans.

Með Tinnu á myndinni eru Samúel Jón Samúelsson stallari og Sigurður Ágústsson gjaldkeri Lionsklúbbs Ólafsvíkur ásamt nokkrum börnum úr Krílakoti.



Munið minningarkort Lions
 Falleg minningarkort Lions fánleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu
 Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.
 EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Stuttar fréttir frá Lionsklúbbum TÝ

Lionsklúbburinn TÝR er enn í fullu fjöri, þótt Lífélögum hafi fækkað um hríð. Á hinum árlega Þorrafundi í janúar, þar sem félagar fagna Þorra að fornum sið, voru þó voru teknir inn 3 nýir félagar, þeir Páll Björgvinsson, Konráð Guðjónsson og Tómas Guðjónsson. Klúbburinn flutti fundarstað sinn í Lions-heimilið nýja í Hlíðarsmáranum í haust og líkar þar vel. Týs menn hafa haft sem aðalverkefni að vinna að viðhaldi í Reykjadal í Mosfellsbæ, dvalarheimili fyrir fötluð börn. Síðast liðið vor og haust var unnið að garðsnyrtingu umhverfis húsin og sinnt málningarvinnu utanhúss, en í vetur aðallega innanhússmálningu. Þetta hafa verið skemmtileg vinnuverkefni í góðum félagsskap. Einnig voru gerðar blóðsykurmælingar á alþjóðlegum degi sykursýkivarna. Haldin var árleg keilukeppni félaga í Egilshöll á dögnum. Klúbburinn á 45 ára afmæli 28. mars n.k., og efnir af því tilefni til 4 daga ferðar með betri helmingum sínum til Zagreb í Króatíu.



Jónas Ágústsson afhendir William Gunnarssyni keilubikarinn.



Stjórn TÝS 2017-2018, Björn Þorvaldsson ritari, Guðmundur Ragnarsson formaður og Stefán Valur Pálsson gjaldkeri.



Frá vinnudegi í Reykjadal.



Með Lionskveðjum,
Björn Þorvaldsson, ritari.

Minning + Böðvar Pálsson



Böðvar Pálsson bóndi að Búrfelli í Grímsnesi, lést þann 3. mars sl. á Heilbrigðisstofnun Sudurlands. Hann fæddist á Búrfelli þann 11. janúar 1937 og bjó þar allt sitt líf. Hann fór í grunnskóla á Ljósafossi sem var þannig háttað að börn komu í heimavist í 2 vikur og fóru svo heim með verkefni í aðrar tvær vikur. Böðvar óx upp við gott atlæti á stóru heimili hann var eini sonur foreldra sinna en átti 4 systur, einnig komu börn til dvalar að sumrinu og svo var tvíþýli á Búrfelli og var því oft líf og

fjör á bænum.

Að grunnskóla loknum fór Böðvar í Íþróttaskólann að Geysi í Haukadal og var þar einn vetur, síðan fór hann að Laugarvatni í Héraðsskólann og lauk þar landsprófi. Þar með var lokið formlegu námi Böðvars og sneri hann sér að búverkum og verktöku á vinnuvélum, vann t.d. lengi við skurðgröft vegna framræsingu mýra víða um sveitir.

Böðvar kynntist eiginkonu sinni Lísu Thomsen 1962 og giftu þau sig ári seinna og byggðu nýbýli á Búrfelli sem nefndist Búrfell 3. Böðvar og Lísa eignuðust 5 börn 1 son og 4 dætur. Þau voru höfðingjar heim að sækja og var oft mikill gestagangur á bænum.

Þau hjón voru alla tíð mikið félagsmálafolk og væri erfitt að telja

allt upp sem þau komu að. En Böðvar var formaður ungmennafélagsins Hoatar um árabil einnig var hann í hreppsnefnd í 32 ár þar af oddviti í 14 ár einnig var hann hreppstjóri sinnar sveitar. Hann vann mikið að málefnum stéttasambands bænda og var í nefndum víða á þess vegum. Hann var um skeið í öldrunarráði Íslands og formaður stjórnar Skjólís í nokkur ár. Árið 1982 var hann aðal hvatamaður að stofnun Lionsklúbbsins Skjaldbreiðar og var fyrsti formaður klúbbsins. Hann gegndi öllum helstu trúnaðarstörfum í þágu klúbbsins, eins var hann svæðisstjóri, hann var sæmdur Melvín Jones Fellow viðurkenningunni frá klúbbum fyrir öflugt starf í þágu hans.

Böðvar var einn af stofnfélögum Oddfellow stúkunnar Hásteinn nr. 17 á Selfossi árið 1992 og gegndi hann öllum helstu trúnaðarstörfum í þágu stúkunnar. Böðvar var mjög hugmyndaþekkur og gláðsinna maður, þannig að alltaf var líf og fjör í kringum hann. Hann hafði gaman af að segja frá og kunni hann endalausar sögur af mönnum og málefnum að fornu og nýju og var unun að hlusta á hann segja frá. Einnig var hann góður tónlistamaður og dró fram harmonikkuna við hin ýmsu tækifæri. Útför Böðvars fór fram frá Skálholtsdómkirkju laugardaginn 10. mars sl.

Við félagarnir í Lionsklúbbum Skjaldbreiði vottum fjölskyldu og ættingjum okkar djúpstu samúð. Minningin þrýðir góðan dreng.

Fh. Lkl. Skjaldbreiðar
Kjartan Þór Guðmundsson.

Bæjardyrnar bretta upp nefið



Í Lionshreyfingunni er það yfirlýst markmið að fjölga konum í 50% félaga. Konur eru auðvitað líka menn, og rétt að halda því til haga. En þegar markmið um að fjölga konum um meira en helming frá því sem nú er þá erum við ekki bara að tala um að fjölga konum. Við erum að segja að við ætlum að fjölga félögum í klúbbunum okkar umtalsvert eða þá hitt að við fjölgum kvennaklúbbunum um meira en helming.

Um áramótin síðustu voru íslenskir lionsfélagar um 2.200 talsins. Þar af voru konur um 20% af heildarfjöldanum eða um 440. Við getum því gert ráð fyrir að karlar í hreyfingunni séu 1760. Ef við ætlum að fjölga konum í að verða helmingur klúbbfélaga þá þýðir það beinlínis að við ætlum að fjölga í hreyfingunni úr rúmlega tvö þúsund í rúmlega þrjú þúsund félaga og þá erum við bara að tala um að bæta við konum. Er það raunhæft markmið?

Félög kvenna á Íslandi

Fyrsta formlega kvenfélag landsins var stofnað í Rípuhreppi í Skagafirði í júlí 1871. Upphaf þessarar vakningar kvennanna var óþrífnaður sem viðgekkst á mörgum bæjum í sveitinni. Þessar konur vildu fræða um mikilvægi almenns hreinlætis og efla menntun og þekkingu til hagsbóta fyrir land og þjóð. Þetta varð svo undanfari kvennaskólanna í landinu. Menntaðar konur fundu hjá sér þörf til að taka saman höndum og sameina krafta sína í þágu aukins hreinlætis og menntunar.

Eitthvað hefur það verið sem vakti þessa þörf og hér lítil vísa sem séra Hannes Bjarnason prestur á Ríp í Hegranesi (1777-1838) orti þegar hann flutti í Frostastaði vorið 1807, en þar þótti sérlega slæmur húsakostur.

*Bæjardyrnar bretta upp nefið,
býsna göngin dimm og lág.
Í búrinu er gripum gefið,
gólfskánin er veggjahá.
Baðstofan ljót og baksliguð,
bannað er þar að nefna guð.
Útiskemman áfram lýtur
eins og þegar kerling skítur.*

Ef lýsingin á þessum húsakynnum á almennt við um bæi og kot í landinu á nítjándu öldinni er skiljanlegt að konur á betri bæjum vildu taka á hreinlætismálum!

Með vaxandi þjóðernisvitund okkar á nítjándu öldinni jókst metnaður fyrir framþróun á öllum sviðum þjóðlífsins. Við vorum að færast úr stöðnuðum sjálfsþurftarbúskapnum og frá vistabandinu inn í nútímann.

Konur og Lions

Atvinnuþátttaka íslenskra kvenna er með því hæsta sem gerist í heiminum. Þar er fyrsta hindrunin fyrir ungu íslensku konuna að ganga til liðs við okkur. Til að taka þátt í félagsstarfi utan heimilísins þurfum við fórna dýrmætum tíma okkar eftir vinnudaginn í það.

Unga konan er upptekin við að uppfylla væntingar nútímans. Borða hollt, stunda líkamsrækt, hlúa að vinkonuhópnum sínum, en yfirleitt og oftast vill hún sinna heimili og fjölskyldu sem yfirleitt er forgangsatridi. Til að laða að okkur ungar konur, þurfa þær að geta tekið þátt á eigin forsendum.

Á heimsvísu eru konur 25% lionsmeðlima, en hérlendis eru þær rétt tæp 20%. Við þurfum því að spýta í lófana og bretta upp ermar. Hvað bjóðum við ungum konum upp á? Eiga þær kost á að koma með börnin sín á fundina? Er gert ráð fyrir að fundartíminn henti þeim?

Hvers konar fyrirkomulag fundanna gæti hentað þeim?

Lionshreyfingin hefur starfað í hundrað ár og fagnar þeim áfanga á þessu starfsári sem er að ljúka. Lions eru samtök stofnuð á grunni karllægra gilda. Konur voru beinlínis bannaðar fyrstu tæp 70 árin. Á alþjóðþinginu í Taipei í Taiwan árið 1975 var samþykkt að leyfa konum að ganga inn og þar með var þessu kvennabanni aflétt, heilli öld eftir að íslenskar konur stofnuðu fyrsta kvenfélagið! Rökin fyrir því að leyfa þátttöku kvenna í Lions voru fyrst og fremst:

"The presence of women should add new life and vitality to Lions Club International," "The problems of the world are too serious to limit their solution to only half of our population." (service organization's president, Brian Stevenson, of Calgary, Canada).

Fyrstu kvennaklúbbarnir voru ekki sjálfstæðir Lionsklúbbar, þeir voru Lionessklúbbar og störfuðu undir handarjaðri karlklúbbanna sem góðfúslega lögðu blessun sína yfir starfsemi kvennanna. Það var ekki fyrr en 1988 að Lionessklúbbarnir gátu orðið fullgildir Lionsklúbbar með öllum þeim réttindum og skyldum sem því fylgdi. Og eins og fyrsta kvenfélagið var stofnað úti á landi, í Skagafirðinum þá var fyrsti Lionessklúbburinn stofnaður á Siglufirði í nóvember 1986.

Ef við ætlum að fjölga konunum í Lions, þá þurfum við að skoða hvaða þarfir kvennaklúbbarnir þurfa að uppfylla svo þeir verði fýsilegur kostur fyrir konur að fyllja sér um. Við vitum að konur eru síður viljugar að borga há félagsgjöld en karlar. Við vitum líka að konur hafa oft önnur áhugamál en karlar. Konurnar í kringum mig eru uppteknar af heilbrigðis-, umhverfis- og menntamálum í sínu nær-umhverfi. Hvaða leiðir höfum við til að mæta nýrri kynslóð kvenna í Lionshreyfinguna á Íslandi? Við í Lionshreyfingunni þurfum að taka þetta mál og kryfja það.

Jóhanna Thorsteinson



Lionsklúbburinn Hængur – 45 ára afmælishátíð

Lionsklúbburinn Hængur fagnaði 45 ára afmæli sínu þann 2.mars sl. en klúbburinn var stofnaður 6. mars 1973 og voru stofnfélagar 23. Afmælishátíðin var haldin í félagsheimili Hængs Ánni Skipagötu 14 Akureyri. Góðir gestir, Jón Pálmason fjölumdæmisstjóri og Marianne Skovsgård Nielsen, Björg Bára Halldórsdóttir vara fjölumdæmisstjóri og Sigfríð Andradóttir varaumdæmisstjóri 109B og Þorkell Cýrusson, heiðruðu samkomuna með nærveru sinni. Formaður Hængs Guðjón Andri Gylfason stiklaði á stóru í sögu klúbbsins. Fjölumdæmisstjóri sæmdi Jón Heiðar Daðason Kjaransorðunni fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu Hængs og Lionshreyfingarinnar. Margt var sér til gamans gert meðal annars var keppt í limbói en það hafa Hængsfélagar gert um árabíl. Einn af yngri Hængsfélögum sigraði með glæsibrag.



Formaður Hængs Guðjón Andri Gylfason og Jón Pálmason fjölumdæmisstjóri.



Jón Pálmason og Kjaransorðuhafinn Jón Heiðar Daðason.



Marianne Skovsgård Nielsen og Jón Pálmason.



Björn Guðmundsson umdæmisstjóri og Björg Bára Halldórsdóttir vara fjölumdæmisstjóri.



Sigurvegarrimm í limbó Jón Ágúst Eyjólfsson leggur upp í sigurferðina.

Lionsklúbbur Ólafsvíkur



Lionsklúbbur Ólafsvíkur færði Björgunarbatnum Björg sjóðælu að Lgjöf á dögunum. Dæla þessi mun nýtast vel en með henni er hægt að dæla upp úr bátum hvort sem þeir eru úti á sjó eða í höfn. Dælan er af gerðinni Yanmar frá Marás og er hún töluvert öflugri en dælan sem hún kemur til með að leysa af hólmi. Dælan dælir um 1000 lítum á mínútu sem er mjög gott og sogar upp 8 metra. Á dælnni er rafstart sem ekki var á eldri dælnni og mun örugglega koma sér vel því oft er erfitt að komu dælum í gang þegar neyðin er mest. Vildi umsjónarmaður Bjargarinnar og liðsmenn Björgunarsveitarinnar Lífsbjargar koma á framfæri þakklæti til Lionsklúbbs Ólafsvíkur fyrir þessa þörfu gjöf.



Lionsklúbbur Nesþinga

Jólahappadrætti, kúttmagakvöld og nýir félagar

Lionsklúbbur Nesþinga er klúbbur sem Lstofnaður var árið 1971 og er hann því 47 ára gamall. Á liðnu ári og nú nýverið hafa komið inn nýir félagar í klúbbinn og er það samfélaginu hér ákaflega mikilvægt að heilbrigð endurnýjun eigi sér stað. Margir stofnfélagar eru enn í klúbbnum sem muna tímanna tvenna og gefur það ungum félögum mikið að heyra sögur um fyrri tíma og hvað margt hefur áunnist hér á Hellissandi og Rífi. Hér að neðan eru stuttar lýsingar á jólahappadrætti, Kúttmagakvöldi og inntöku nýrra félaga.

Árið 2017 endaði með því að félagar í Lionsklúbbi Nesþinga héldu jólahappadrætti í félagsheimilinu Röst Hellissandi þann 23. desember. Góð mæting var meðal íbúa og seldust 1.400 miðar sem er aukning frá fyrri árum. Þorláksmessu happadrætti Lionsmanna á sér langa sögu og orðinn stór þáttur jólaundirbúningi bæjarbúa á Hellissandi og Rífi (Snæfellsbær).

Fyrsti fundur ársins hófst á því að teknir voru inn nýir félagar. Það voru þeir Guðjón Björnsson, Marínó Sigurjónsson, Jón Kristinn Ásmundsson, Andri Benediktsson og Jóhannes Stefánsson sem teknir voru inn þann 9. janúar. Voru þeir allir teknir inn með lófaklappi.

Þann 20. janúar var kúttmagakvöld haldið í Félagsheimilinu Röst Hellissandi. Lionsklúbbur Nesþinga, Slysavarnardeildin Helga Bárðardóttir og Leikfélag Ólafsvíkur standa að kvöldinu. Ásbjörn Óttarsson var líkt og undanfarin ár veislustjóri og stjórnaði kvöldinu af stakri þrýði. Hljómsveitin B4 úr Búðardal spilaði fyrir dansi fram að miðnætti. Konurnar í Slysavarnardeild Helgu Bárðardóttur og Leikfélagi Ólafsvíkur sáu um matseld og lionsmenn sáu um þrif á kúttmaga og undirbúning veislusalar. Sævar Friðþjófsson spilaði nokkur lög á harmonikku, Ingi Hans Jónsson frá Grundarfirði fór með gamanmál og því næst var ásadans. Matseðillinn var fjölbreyttur og ber þar helst að nefna kúttmaga, gellur, kinnar, siginn fisk, þroskhrogn, hval og lúðu.

Myndir: Ari Bent Ómarsson, Guðbjartur Þorvarðarson og Smári Jónas Lúðvíksson



Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga

Borist hafa eftirfarandi framboð í embætti sem kjósa skal um fyrir árið 2018 - 2019



Framboð til embættis Fjöllumdæmisstjóra

Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán í Ólafsvík

Björg Bára Halldórsdóttir Lkl. Rán býður sig fram til embættis fjöllumdæmisstjóra starfsárið 2018 – 2019. Björg Bára hefur starfað í Lionshreyfingunni frá árinu 1991 þegar hún gekk í Ránina. Hún hefur gegnt flestum embættum innan klúbbsins í stjórn og nefndum og verið formaður klúbbsins tvisvar. Björg Bára var ritari umdæmis 109B starfsárið 2011–12, menningarfulltrúi 2013–14, annar varaumdæmisstjóri 2014–15, varaumdæmisstjóri 2015–16, umdæmisstjóri B umdæmisins 2016–17 og er núna vara fjöllumdæmisstjóri.

Björg Bára er fædd og uppalin í Grundarfirði, dóttir hjónanna Halldórs Sigurjónssonar útgerðarmanns og skipstjóra og Kristínar Árnadóttur. Eftir skóla flutti hún til Ólafsvíkur og býr þar enn þó hún búi og starfi virka daga í Kópavogi/Reykjavík. Björg Bára er viðskiptafræðingur að mennt og er framkvæmdastjóri Gistivers. Auk þess sér hún um rekstur SB raftækni ásamt eiginmanni sínum en það er fyrirtæki í eigu þeirra hjóna. Eiginmaður hennar er Sigurjón Bjarnason rafverktaki og eiga þau þrjú uppkomin börn. Fanney Dóra er félagsráðgjafi og kokkur, Halldór starfar í Rönning á Akureyri og Sigurbjörg Metta er í ferðamálafræði í Háskóla Íslands.



Framboð til varaumdæmisstjóra 109 B

Bragi Ragnarsson, Lkl. Mosfellsbæjar

Lionsklúbbur Mosfellsbæjar býður fram Braga Ragnarsson í framboð varaumdæmisstjóra 109B starfsárið 2018–2019.

Bragi gekk fyrst til liðs við Lkl. Mosfellsbæjar í mars 1983 en vegna vinnu sinnar þurfti hann að hætta í maí 1990. Á þeim árum var Bragi meðal annars ritari klúbbsins og einnig svæðisritari.

Bragi gekk svo aftur í klúbbinn í nóvember 2007. Síðan þá hefur Bragi verið gjaldkeri klúbbsins eitt starfsár og formaður tvö starfsár. Auk þess hefur hann verið mikil driffjöldur í þeim nefndum sem hann hefur starfað.

Bragi hefur með sínum störfum innan klúbbsins meðal annars tvöfaldað hagnað klúbbsins af herrakvöldinu með breyttu fyrirkomulagi.

Á yfirstandandi starfsári er Bragi svæðisstjóri svæðis 1 – 2 og annar varaumdæmisstjóri.

Hann hefur sótt fjölmörg umdæmis- og fjöllumdæmisþing og eitt alþjóðþing.

Bragi hefur fengið ýmsar viðurkenningar fyrir sín störf og er Melvin Jones félagi.

Bragi er menntaður Vélfræðingur og Útgerðartæknir og starfar nú sem tæknistjóri skipa hjá útgerðarfélaginu Brim hf. í Reykjavík.

Bragi er kvæntur Bryndísi Jóhannsdóttur sem er stofnfélagi í Lkl. Úu Mosfellsbæ.



Framboð í annan varaumdæmisstjóra í 109A

Eiríkur Óli Dagbjartsson L.kl. Grindavíkur

Lionsklúbbur Grindavíkur býður fram á Lionsþingi í Reykjanesbæ 20. – 21. apríl n.k. féлага okkar Eirík Óla Dagbjartsson til embættis annars vara umdæmisstjóra Lionsumdæmis 109A starfsárið 2018–2019.

Eiríkur Óli gekk í Lionsklúbb Grindavíkur 2005 og varð þar strax öflugur félagsmaður. Hefur hann gengt þar mörgum trúnaðarstörfum og verið oftast en ekki leiðandi í starfi klúbbsins. Meðal annars var hann gjaldkeri klúbbsins 2012–2013, formaður klúbbsins starfsárið 2015–2016 og á þessu starfsári hefur hann gegnt starfi svæðisstjóra á svæði 5 í umdæmi 109A. Eiríkur Óli er Melvin Jones félagi.

Eiríkur Óli er fæddur Grindavíkingur, er með farmannapróf frá Stýrimannaskóla Íslands og starfar hjá Þorbirninum hf. í Grindavík sem útgerðarstjóri frystiskipa. Maki Eiríks er Sólveig Ólafsdóttir.



Framboð til vara fjölumdæmisstjóra 109

Ellert Eggertsson, Lkl. Hafnarfjarðar

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar býður fram Ellert Eggertsson til embættis vara fjölumdæmisstjóra starfsárið 2018-2019.

Ellert gekk í Lkl. Hafnarfjarðar árið 1983, hann hefur gegnt flestum embættum í stjórn klúbbsins og hefur m.a. verið tvisvar formaður. Einnig hefur hann leitt flestar af nefndum klúbbsins. Ellert er Melvin Jones félagi og fyrir starfsárið 2014 - 2015 fékk hann Club Excellence Award viðurkenningu fyrir störf sín sem formaður. Í desember s.l. var hann sæmdur Kjaransorðunni vegna starfa sinna fyrir klúbbinn.

Ellert gegndi embætti svæðisstjóra á svæði 6, 2015-2016, kjörinn 2. varaumdæmisstjóri á seinni hluta starfsársins og gegndi embætti 1. varaumdæmisstjóra starfsárið 2016-2017 og er núverandi umdæmisstjóri 109A. Ellert hefur

sótt nokkur Alþjóðáþing Lionshreyfingarinnar.

Ellert er fæddur í Hafnarfirði 1. ágúst 1946, menntaður flugvirki og hefur starfað sem flugvirki hjá Loftleiðum og Arnarflugi, tæknistjóri Íslandsflugs og Flugfélagsins Atlanta frá sameiningu fyrirtækjanna árið 2005 til ársloka 2016. Í dag starfar Ellert sem flotastjóri Flugfélagsins Atlanta.

Maki hans er Júlíana Guðmundsdóttir.



Framboð til umdæmisstjóra 109 A

Geirprúður Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa Njarðvík

Lionsklúbburinn Æsa í Njarðvík býður fram Geirprúði Fanneyju Bogadóttur, til embættis umdæmisstjóra í Umdæmi 109 A, starfsárið 2018-2019.

Geirprúður Fanney hefur verið Lionsfélagi frá árinu 1990. Hún hefur gegnt ýmsum störfum innan klúbbsins, m.a. verið formaður og ritari. Geirprúður Fanney gegndi embætti svæðisstjóra á svæði 5, starfsárið 2012-2013, embætti umdæmisritara starfsárið 2013-2014, var kosin 2. varaumdæmisstjóri fyrir starfsárið 2016-2017 og 1. vara- umdæmisstjóri starfsárið 2017-2018.

Geirprúður Fanney er Rangæingur, fædd að Hlíðarbóli í Fljótshlíð árið 1961. Hún er menntaður tónlistarkennari og starfar við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Maki hennar er Haraldur Árni Haraldsson, tónlistar-kennari og skólustjóri.



Framboð til embættis annars varaumdæmisstjóra 109B

Guðjón Andri Gylfason, Lkl. Hængur á Akureyri

Lionsklúbburinn Hængur á Akureyri býður fram félagi sinn Guðjón Andra Gylfason til embættis annars varaumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2018-2019.

Andri gekk í Lionsklúbbinn Hæng 6. mars 2013, hann var ritari klúbbsins starfsárið 2014-2015, varaformaður starfsárið 2016-2017 og formaður á núverandi starfsári. Andri hefur að auki verið virkur þátttakandi í nefndum innan klúbbsins og verið formaður Hængsmótsnefndar og fjáröflunarnefndar. Þá var Andri ungmennafulltrúi umdæmisins starfsárið 2016-2017 og er GLT-fulltrúi og umdæmisritari á núverandi starfsári. Á núverandi starfsári hefur Andri verið einn kennara í Leiðtogaskólanum, bæði á Akureyri og í Reykjavík.

Andri er með M.Sc. gráðu í Lífefnafræði frá Háskóla Íslands auk þess að vera með kennsluréttindi fyrir framhaldsskóla frá Háskólanum á Akureyri. Andri starfar hjá Mýsköpun sem verkefnastjóri, en hefur störf aftur hjá Menntaskólanum á Akureyri sem efnafræðikennari næstkomandi haust eftir ársleyfi frá kennslu. Andri er í sambúð með Jónu Bjarnadóttur og á tvær uppkomnar dætur.



Framboð til embættis Fjöllumdæmisritara

Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn Reykjavík

Guðmundur Helgi fæddist í Reykjavík þann 22. sept. 1947 og er húsasmíðameistari að mennt og starfar við Verkefnisstjórnun hjá ÍAV þjónustudeild en er að fara á eftirlaun nú í vor.

Guðmundur gekk til liðs við Lionsklúbbinn Fjörgyn vorið 2000 eftir að hafa þekkt vel til Lionsshreyfingarinnar í 10 ár.

Í klúbbum sínum Fjörgyn hefur hann m.a. verið ritari og þrívægis formaður klúbbsins.

Guðmundur Helgi var fræðslustjóri frá 2009 - 2011 og kom að kennslu í ritaraskóla Lionsshreyfingarinnar um árabíl.

Hann hefur starfað í umdæmisstjórnnum beggja umdæma, og var hann umdæmisritari og gjaldkeri starfsárin 2009 – 2011, hann var umdæmisstjóri 109 A 2012 - 2013 og starfsárið 2015 – 2016 gegndi hann gegnt embætti fjöllumdæmisstjóra og verið fjöllumdæmisritari frá 2016.

Eiginkona Guðmundar Helga er Hrund Hjaltadóttir f.v. grunnskólakennari. Hún er stofnfélagi í L.kl. Fold. Hún hefur ýmsum embættum í umdæmi 109 B og fjöllumdæmi MD 109. Hún er fyrrverandi umdæmis- og fjöllumdæmisstjóri.



Framboð til vara umdæmisstjóra 109 A

Jóhanna Thorsteinsson, Lkl. Eir í Njarðvík

Lionsklúbburinn Eir býður fram Jóhönnu Thorsteinson til embættis 1.vara umdæmisstjóra umdæmis 109A starfsárið 2018-2019 á Lionsþinginu í Reykjanesbæ 20. – 21. apríl nk.

Jóhanna gekk í Lkl. Seyðisfjarðar 2014. Hún var kjörin fjölmiðlafulltrúi og varð formaður 2015-2016. Hún var umhverfis- og menningarfulltrúi í umdæmisstjórn 109A frá 2015. Hún er gjaldkeri umdæmisins 2017-2018 og hefur gegnt embætti 2. vara umdæmisstjóra frá ársbyrjun 2018.

Hún fluttist til Reykjavíkur og fluttist í Lkl. Engey í Reykjavík vorið 2017. Í desember 2017 flutti hún sig yfir í Lkl. Eir í Reykjavík og er starfandi formaður klúbbsins.

Jóhanna er fædd í Reykjavík 15. nóvember 1952. Hún er uppeldis- og menntunarfræðingur að mennt og hefur lengst af starfað við skólastjórnun, bæði í leikskólum og grunnskólum. Núna er starfar hún sem umsjónarkennari og tónmenntakennari við Vogaskóla í Reykjavík.

Vorið 2012 lauk hún námi í Leiðsögunámi Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og hefur starfað við leiðsögn meðfram kennslustörfum.

Jóhanna hefur sótt Leiðtogaskóla Lions og tekið virkan þátt í störfum umdæmisstjórnar.

Jóhanna á þrjú uppkomin börn og ellefu barnabörn.



Framboð í NSR samstarfsnefnd

Jón Pálmason Lkl. Víðarr

Jón Pálmason Lkl. Víðarr býður sig fram sem fulltrúi Íslands í samstarfsnefnd Norðurlanda NSRAU starfsárin 2018 - 2023. Jón hefur verið í Lionsklúbbum Víðarri síðan 1. apríl 2002, var ritari 2004-2005 og hann gegndi formennsku í klúbbum 2011 – 2012 og hefur gegnt mörgum öðrum embættum í klúbbum. Auk þess gegndi hann stöðu netstjóra Lions 2010-2014 og starfi svæðisstjóra á svæði 8 starfsárið 2013-2014 í umdæmi 109A. 2015 var Jón kjörinn umdæmisstjóri 109A. Starfsárið 2017 - 2018 hefur Jón gegnt embætti fjöllumdæmisstjóra. Jón hefur tekið þátt í að skipuleggja nokkur stór verkefni á vegum Lions, þau helstu eru: Uppsetningu á nýjum vef sem settur var í loftið 2011. Þátttaka í stýrihópi sem sá um að skipuleggja alþjóða sjónverndardaginn 2014. Þátttaka í framboðsnefnd Guðrúnar Bjartar Yngvadóttur þegar hún bauð sig fram til annars vara alþjóðaforseta

2016. Jón hefur sótt sér réttindi til að kenna leiðtogum Lions, og kennt á Leiðtogaskóla Lions undanfarin fimm skipti. Jón er Progressive Melvin Jones félagi og hefur fengið "Leadership" orðu frá alþjóðaforseta. Jón starfar hjá Verkfræðistofunni Verkís, sem verkefnastjóri. Eiginkona Jóns er Marianne S. Nielsen og eiga þau 3 börn.



Framboð til umdæmisstjóra 109 B

Sigfríð Andradóttir, Lionsklúbbur Búðardals

Lionsklúbbur Búðardals býður Sigfríði Andradóttur til framboðs umdæmisstjóra í 109B starfsárið 2018-2019. Lkl. Pernan

Sigfríð Andradóttir var stofnfélagi í Lionessklúbbnum Pernan og var einnig stofnfélagi þegar að hann breytti sér í Lionsklúbb 1994 og starfaði þar til ársins 2005. Á þeim tíma gegndi hún flestum þeim embættum sem til er að dreifa í Lionsklúbbi. Sigfríð var ein af 4 lionsfélögum sem að stjórnðu unglingsbúðum árið sem Lkl. Pernan sá um þær ásamt 3 öðrum klúbbum í Snæfellsbæ.

Lkl. Búðardals. Sigfríð Andradóttir gerðist félagi í Lkl. Búðardal árið 2005 og hefur starfað þar fram til dagsins í dag. Sigfríð hefur verið ritari og formaður í klúbbnum ásamt því að vera svæðisstjóri fyrir hönd Lkl. Búðardals starfsárið 2006-2007. Árið 2012 gerði Lkl. Búðardals hana að Melvins Jones féлага.

Umdæmi 109 B. Hún gegndi stöðu GLT fulltrúa í umdæmi 109 B frá árinu 2012 - 2017. Árið 2013 - 2014 gegndi hún einnig stöðu umdæmisritara og gjaldkera í umdæmi 109 B. Hún hefur fengið 2 Certificate of Appreciation viðurkenningar aðra árið 2013 og hina árið 2014. Árið 2016 var hún svo sæmd Leadership Award orðunni. Síðustu 5 ár hefur hún kennt í ritaraskólanum. Starfsárið 2016-17 var hún 2 varumdæmisstjóri og 2017-18 var hún varaumdæmisstjóri.

Fjölskylda. Sigfríð er kvænt Porkeli Cýrussyni Lkl. Búðardals. Porkell var áður meðlimur í Lkl. Nesþinga en er nú í Lionsklúbb Búðardals. Hann hefur gegnt flestum þeim embættum sem er að dreifa í lionsklúbbi og sem dæmi gegndi hann embætti umdæmisstjóra 2013-2014 í umdæmi 109 B. Hann er nú starfandi sem ritstjóri Lionsblaðsins. Þau eiga 2 börn, Guðríði félagsfræðing og Sigurd Svein grunnskólakennara.



Framboð til embættis Fjöllumdæmisgjaldkera

Stefán Árnason Lkl. Vitaðsgjafa

Stefán Árnason gekk til liðs við Lionshreyfinguna árið 1992. Á þeim tíma hefur hann gegnt flestum þeim embættum sem til er að dreifa í Lionsklúbbi og meðal annars verið formaður klúbbsins tvisvar. Stefán var svæðisstjóri á svæði 6 2009 - 2010 og GMT fulltrúi 2010 - 2011. Umdæmisstjóri í B umdæmi 2015 - 2016, GMT stjóri 2016 - 2017, Fjöllumdæmisgjaldkeri 2017 - 2018 og hefur setið í afmælisnefnd hreyfingarinnar frá 2016.

Stefán býr í Eyjafjarðarsveit og er kvæntur Vöku Jónsdóttir, iðnrekstrarfræðingi og eiga þau tvær uppkomnar dætur.

Lionsklúbbur Hveragerðis

Í lok seinasta starfsárs okkar í Lionsklúbbi Hveragerðis lauk vinnu við endurnýjun upplýsingaskiltanna sem eru við innkomurnar í Hveragerði. Þau hafa nú verið einfölduð að mun og uppfærð og má segja að þau hafi aldrei litið betur út. Aldrei hafa fleiri aðilar og fyrirtæki verið á því.

Vilmundur Kristjánsson greinahöfundur og ljósmyndari



Blómstrandi stuð hjá Lionsklúbbi Hafnarfjarðar



Gaflarastyttan góða afhent: Guðjón P. formaður, Gaflarastyttan, Birna Ragnarsdóttir og Magnús Jónsson.



Guðjón Þórir Þorvaldsson formaður, afhendir umdæmisstjóra Ellerti Eggertssyni Kjaranorðu.



Nýr félagi tekinn í LkH : Úlfur Arason ásamt afa sínum og meðmælanda Björgúlfi Þorsteinssyni og formanni LkH.

Félagstarfið hjá klúbbum hefur gengið með besta móti í vetur eins og áður hefur komið fram í fréttapistlum sem þessum. Við erum ákaflega stoltir af umdæmisstjóranum okkar, Ellert Eggertssyni, en á síðasta jólafundum í desember, sæmdum við hann Kjaranorðu sem er smá þakklætisvottur til hans, fyrir vel unnin störf fyrir klúbbinn og umdæmið. Við höfum á síðustu vikum heiðrað fjóra félag okkar með Melvin Jones viðurkenningu og sex félagar okkar fengu aldursviðurkenningu, einn þeirra er Gunnar Auðunn Oddsson sem fékk viðurkenningu fyrir 55 ára viðveru í klúbbum. Við höfum tekið inn á síðustu mánuðum þrjú nýja félag, þá Úlfur Atlason, Svavar Þórhallsson og Ársæl Guðmundsson. Skemmtilegt er að segja frá því að Úlfur Atlason er að verða nítján ára, og verður þar með yngstur okkar félaganna og mun færa okkur neðar í aldursmeðaltalinu. Ánægjuleg fjölgun hjá klúbbum og er vel í takt við þær óskir umdæmisstjóra um fjölgun félaganna í klúbbum fyrir 1. mars, en þá þarf Guðrún Björt Yngvadóttir verðandi alþjóðaforsæti að hafa skilað inn framboði og koma úr löglegu umdæmi.

Það hefur verið viðtekin venja hjá klúbbum síðastliðin 18 ár að kjósa mann eða konu ársins sem „Gaflara ársins í Hafnarfirði,“ sem að mati klúbbsins hefur á einhvern hátt sett mark sitt

á menningu eða sögu bæjarins. Að þessu sinni varð Birna Ragnarsdóttir fyrir valinu en hún rekur ásamt fjölskyldu sinni, fyrirtækið R. B. rúm í Hafnarfirði. Á næstu vikum förum við af stað með sölu á merki okkar „Gaflarinn“ sem er okkar aðalfjáröflun, og er vel tekið af bæjarbúum, söfnurum og fyrirtækjum. Á seinni árum hafur verið mynd á merkinu, af þekktum Hafnfirðingum, teiknaðar af Brian Pilkington. Tólf einstaklingar og félagasamtök hafa fengið góða styrki frá okkur síðan starfið hófst í haust og fleiri eiga von á glaðningu áður en starfsárið er á enda. Eitt verkefni er okkur afar hugleikið en það er stuðningur við Íþróttafélagið Fjörð, bæði peningalega og verklega. Laugardaginn 3. mars sl. stóð Fjörður fyrir árlegu Þorramóti sínu í Boccía og var þátttaka mjög góð. Fjörður var með sex sveitir og kepptu þær við bæjarstjórnir í Hafnarfirði og Garðabæ. Dómgæsla var að venju í höndum okkar félaganna í klúbbum og að lokum afhenti klúbburinn, Boccíadeildinni veglega peningagjöf sem verður vel nýtt fyrir íþróttafólkið í Firði.

Bestu kveðjur frá Lionsklúbbi Hafnarfjarðar.

Friðgeir H. Guðmundsson
Blaðafulltrúi LkH.



Gaflara dómamarar: Steinmóður, Birgir, Guðjón, Ólafur, Kristinn, Ellert, Jón, Friðgeir, Haraldur, Magnús og Svavar.



Aldursviðurkenning: Birgir, Gunnar Auðunn, Sigurjón, Jón Rúnar, Kristinn Þór, ásamt formanni LkH.